

## Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands, 6. apríl, 2022

Fyrirlesari: Einar Thoroddsen, læknir.

Efni: Dante og Gleðileikurinn guðdómlegi.

Mættir: 52, félagsmenn og nokkrir makar.

Formaður setti fund og minntist í upphafi tveggja látinna félaga, Þórarins Baldurssonar og Valdimars Hansen. Hann greindi svo stuttlega frá atburðum framundan, félagsfundum í byrjun maí (Stefán Þórarinsson, læknir), Hvítasunnuferð um slóðir Íslendingasagna í Borgarfirði og haustferð í október á slóðir Freuds og Semmelweis. Gaf hann síðan fyrirlesara orðið. Einar rakti aðdraganda þess að hann réðst í það þrekvirki að þýða Gleðileikinn guðdómlega eftir Dante. Hann hafði áður þýtt Vetrarferð Heinrichs Heine og það var að áeggjan “Nonna bróður” að hann tók til við Dante, enda “kynni hann ítölsku”. Reyndar tók hann fyrstu atrennuna í hrúnu og þýddi þá eina kviðu úr Paradísarhlutanum, en lagði verkið þá til hliðar í nokkur ár, þar til hann hófst handa af alvöru og byrjaði á byrjuninni. Einar gaf okkur smá innsýn í hvernig hann nálgast verkið, með því að safna rímorðum, leita í sjóð íslenskrar ljóðahefðar og sagna, frá Hávamálum og Njálu til Gríms Thomsen, og hafði dálitla hliðsjón af enskum og dönskum þýðingum. Kvæðið, sem er um 14 þúsund línur, orti Dante á síðasta ártug ævi sinnar, í byrjun 14. aldar, þá í útleið frá heimaborg sinni Flórens; hafði lent öfugu megin í skærum Guelpha og Ghibbellina. Einar leiddi okkur síðan með nokkrum dæmum inn um limbus og um 9 hringi Vítis, mögnuð lesning, seiðandi ryðmi bragarháttarins með hljóðstöfum að íslenskum hætti. Næsti hluti, sem Einar kallar Skírnarfjall (Purgatorium), er nýlega kominn út og þýðing á Paradísarhlutanum er komin nokkuð áleiðis. Einar svaraði greiðlega nokkrum spurningum, en viðbrögð áheyrenda báru eiginlega keim af hljóðri andakt.